

# STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTAR- FÉLAGS ÍSLANDS 2023-2024







Ljósmyndir í skýrslu:  
Brynjólfur Jónsson  
Elisabeth Bernard  
Ragnhildur Freysteinsdóttir  
Sæbjörg Freyja Gísladóttir



<b>5</b>	<b>INNGANGUR</b>
5	STJÓRN OG STARFSFÓLK
<b>7</b>	<b>LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI</b>
<b>9</b>	<b>ÚTGÁFUMÁL</b>
9	SKÓGRÆKTARRITID
9	LAUFBLAÐID
9	FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA
10	HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR
<b>11</b>	<b>FRÆÐSLUSTARF</b>
<b>11</b>	<b>FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR</b>
11	AÐALFUNDUR 2023
12	FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR
12	FULLTRÚAFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA
<b>13</b>	<b>SKÓGRÆKTARSVÆÐI</b>
13	BRYNJUDALUR
13	ÚFLJÓTSVATN
<b>14</b>	<b>UMSJÓN</b>
14	KOLVIÐUR
14	LANDGRÆDSLUSJÓÐUR
14	LANDGRÆDSLUSKÓGAR
15	LÍF Í LUNDI
15	OPINN SKÓGUR
15	YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS
16	TRÉ ÁRSINS 2023
16	SJÁLFBODALIDAR
<b>17</b>	<b>ERLEND SAMSKIPTI</b>
17	FRÆÐSLUFERÐIR
17	EUROPEAN FOREST NETWORK
17	GARDEN OF LIFE INTERNATIONAL
<b>18</b>	<b>ÝMIS VERKEFNI</b>
18	RÓTARSKOT
18	UMSAGNIR
<b>19</b>	<b>SAMSTARFSVERKEFNI</b>
19	SKÓGRÆKTARSKÁTAR Á ÚFLJÓTSVATNI
19	LANDSVIRKJUN
19	66°N
20	SKÓGARKONUR
20	HVATNINGARVERÐLAUN SKÓGRÆKTAR
<b>21</b>	<b>ÞAKKIR</b>



Starfsmannafundur á skrifstofu félagsins að Þórunnartúni.



Sjálfbóðaliðar sumarsins 2023 glaðbeittir með Guðna Th. Jóhannessyni forseta á aðalfundi félagsins á Patreksfirði 2023.



# INNGANGUR

Skógræktarfélag Íslands er landssamband skógræktarfélaganna í landinu. Samkvæmt lögum félagsins er markmið þess að vera málsvári skógræktarfélaganna og gæta hagsmuna þeirra, vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu og stuðla að hvers konar umhverfisbótum. Þessu reynir félagið að ná fram með því að vekja áhuga almennings, tala fyrir og vinna að landbótum, varðveislu og uppbyggingu skóga. Einnig með því að halda á lofti starfi skógræktarfélaganna, sem í gegnum áratugi hafa lagt grunn að og byggt upp skóga almenningi til yndis og heilsubótar, en stór hluti vinsælustu útivistarskóga landsins eru ræktaðir upp af skógræktarfélagunum.

Félagið hefur sinnt reglubundnum verkefnum að venju og má þar helst til telja umsjón með Landgræðsluskógum, Kolviði og Yrkju og útgáfu Skógræktarritsins, en öll þessi verkefni hafa nú verið í gangi í áratugi og Skógræktarritið þar lengst, en rúmlega 90 ár eru frá því fyrsta tölublaði þess kom út.

Sem fyrr detta ýmis smærri og tímabundin verkefni inn á borð félagsins og er reynt að sinna þeim eftir því sem svigrúm er til.

Í þessari starfsskýrslu er farið yfir það helsta sem félagið hefur unnið að starfsárið 2023-2024.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK

Á aðalfundinum 2023 var Jónatan Garðarsson endurkjörinn sem formaður Skógræktarfélags Íslands, en auk þess voru endurkjörnar í stjórn Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Skógræktarfélagi Bíldudals og Berglind Ásgeirsdóttir, Skógræktarfélagi Suðurnesja. Í varastjórn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Skógræktarfélagi Kópavogs, Valgerður Auðunsdóttir, Skógræktarfélagi Árnesinga og Björn Traustason, Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Í stjórn Landgræðslusjóðs var endurkosin Lydía Rafnsdóttir og sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Jónatan Garðarsson formaður, Puríður Yngvadóttir varaformaður, Jens B. Baldursson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Berglind Ásgeirsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir og Páll Ingpór Kristinsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt þrettán fundi á tímabilinu.

Hjá félaginu störfuðu átta fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson

framkvæmdastjóri, Einar Örn Jónsson garðyrkjufræðingur, Elisabeth Bernard mannfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur, Narfi Hjartarson skógfræðingur, Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur og Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur. Auk þess vann Guðmundur Árnason í hlutastarfi hjá félaginu við Kolvið. Þórveig lét af störfum hjá félaginu í júlí og eru henni færðar þakkar fyrir störf sín.

Auk fastráðinna starfsmanna komu ýmsir að stökum verkefnum, meðal annars Mario Sainz og Rudi Nacciarriti er unnu við jólatrjáahögg, Elena Alcalá Sánchez vann grafíska vinnu fyrir Líf í lundi og Bernhard Jóhannesson vann að viðhaldsverkefnum í Opnum skógum.

Stjórn og starfsmenn félagsins styðja við starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum, af fremsta megni og eftir því sem óskað er.



Nýr stígur á Úlfljótsvatni  
kannaður.





# LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2023	2022
<b>Rekstrarreikningur</b>	kr.	kr.
Rekstrartekjur	47.179.791	70.533.883
Rekstrargjöld	57.520.303	67.268.850
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	(10.340.512)	3.265.033
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.717.722)	(1.803.662)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>(13.058.284)</b>	<b>1.461.371</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Eignir		
Fastafjármunir	238.883.371	210.941.373
Veltufjármunir	24.872.872	22.280.986
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	180.306.872	179.474.653
Skuldir samtals	83.549.370	53.847.707
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>263.856.242</b>	<b>233.322.360</b>
<b>Eignir í bundnum sjóðum</b>	<b>37.124.855</b>	<b>35.829.137</b>





Gróðursett á Úlfljótsvatni með fulltrúum frá Garden of Life International.



# ÚTGÁFUMÁL

## SKÓGRÆKTARRITIÐ

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2023 kom út í desember 2023 og 1. tbl. 2024 kom út í júní á þessu ári. Áskrifendur eru nú um 1.500. Stefnt er að því að bjóða upp á rafræna áskrift að Skógræktarritinu og er fyrirhugað að 2. tbl. Skógræktarritsins 2024 verði það fyrsta sem verður bæði gefið út á pappír og rafrænt.

## LAUFBLAÐIÐ

Á tímabilinu komu út tvö tölublöð Laufblaðsins – í desember 2023 og júní 2024. Blaðið er sent í tölvupósti á alla félagsmenn í skógræktarfélögum sem skráðir eru með netfang. Einnig eru öll tölublöð aðgengileg á heimasíðu félagsins - [www.skog.is](http://www.skog.is).


## FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTAR-FÉLAGANNA

Félagsskírteini skógræktarfélaganna er nú rafrænt og er geymt í síma. Rafrænt skírteini er gilt þar til það er afmerkt í Smart Solutions kerfinu, þ.e. félagar með virk skírteini þurfa ekki að sækja það á hverju ári, því að um leið og það er uppfært í kerfinu uppfærist það hjá notendum. Leiðbeiningar fyrir skírteinin má finna á: <https://www.skog.is/rafraen-felagsskirteini/>.

Að þessu sinni veittu fjórtán fyrirtæki félagsmönnum tilboð gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: 66°N, Blómahornið, Blómaval, Flóra garðyrkjustöð, Garðheimar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG verslun, Náttthagi garðplöntustöð, Ræktunarstöðin Lágafelli, Sólskógar og Vorverk. Erú þeim fyrirtækjum færðar þakkir fyrir velviljann.



Smartwallet





# HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR

Heimasíða félagsins er [www.skog.is](http://www.skog.is), þar sem finna má upplýsingar um félagið og aðildarfélag þess, auk þess sem birtar eru fréttir úr starfinu og skógræktargeiranum. Grunnupplýsingar um félagið eru einnig á ensku, frönsku og pólsku á heimasíðunni.

Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er rúmlega 4.400.

Félagið er með Facebook síðu, auk Facebook síðna fyrir Skógræktarritið og Líf í

lundi. Félagið er einnig með YouTube rás (undir heitinu skograektarfelag), er á Instagram og með Instagram fyrir gistihúsið á Úlfljótsvatni. Félagið er einnig með LinkedIn síðu undir enska heiti félagsins (Icelandic Forestry Association). Einnig heldur félagið utan um vefsíðuna Skógargátt ([www.skogargatt.is](http://www.skogargatt.is)), þar sem finna má upplýsingar um góða útivistarskóga um land allt og síðu um Úlfljótsvatnsbæinn.

[www.skog.is/](http://www.skog.is/)

<https://www.facebook.com/skograektarfelag>

<https://www.linkedin.com/company/icelandic-forestry-association>

<https://www.youtube.com/@skograektarfelag>

<https://www.instagram.com/skograektarfelagislands/>

<https://www.instagram.com/ulfoskog/>

<https://www.facebook.com/Skograektarritid>

<https://www.facebook.com/lifilundi>

<https://www.skogargatt.is/>

<https://www.ulfljotvatnlakehouse.com/>



Sjálfboðaliðar og starfsfólk félagsins undirbýr vinnudaginn á Úlfljótsvatni.

# FRÆÐSLUSTARF

Að venju sinnti félagið fræðslu og leiðbeiningum fyrir almenning og skógræktarfélagin, en mikið er leitað til félagsins eftir upplýsingum í síma, með tölvupóstum og fyrirspurnum í gegnum samfélagsmiðla. Starfsfólk félagsins er einnig í töluverðum samskiptum við stóran hluta aðildarféлага sinna.



Gestir á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Patreksfirði létu heldur blautt veður ekki á sig fá.

## FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

### AÐALFUNDUR 2023

Aðalfundur félagsins var haldinn með hefðbundnu sniði á Patreksfirði dagana 1.-3. september 2023 og voru Skógræktarfélag Bíldudals, Patreksfjarðar og Tálknafjarðar sameiginlegir gestgjafar. Nánar má lesa um fundinn í 2. tbl. Skógræktarritsins 2023 og á heimasíðu félagsins (<https://www.skog.is/adalfundur-2023/>).

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn fimm ályktanir. Þeim hefur verið fylgt eftir sem hér segir:

#### Ályktun 1: Skógarreitir og græn svæði innan byggðar

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur sveitarfélögin til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálanda og grænna svæða innan byggðar í næsta nágrenni. Það er vanmetið hvað græn svæði hafa mikla þýðingu fyrir lífsgæði allra landsmanna, bæta skjól í og við þéttbýli, hvetja til útiveru, fjölskyldusamveru og stuðla að bættri geðheilsu. Jafnframt eru mikil verðmæti fólgin í grænum svæðum, bæði í trjánnum sjálfum sem og þeim áhrifum sem þau hafa á nærsamfélagið. Bæði sveitarfélög og íbúar njóta góðs af því. Enn fremur er kolefnisbinding trjágróðurs mikilvæg mótvægisaðgerð í loftslagsmálum.*

Ályktunin var send á Samband íslenskra

sveitarfélaga og öll sveitarfélög í landinu.

#### Ályktun 2: Samþætting landgræðslu og skógræktar

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. - 3. september 2023, samþykkir að aðalfundurinn kjósi þrjá fulltrúa í nefnd sem hafi það verkefni að vinna að samþættingu verkefna þegar ný stofnun hefur tekið við af Landgræðslunni og Skógrækinni. Nefndin vinni í nánú sambandi við stjórn Skógræktarfélags Íslands. Það er mikilvægt að efna til samvinnu við nýja stofnun.*

Ályktuninni var fylgt eftir með fundum sem nefndin átti með forsvarsmönnum Lands- og skógar. Nefndina skipuðu Magnús Jóhannesson, Kjartan Ólafsson og Jóhannes Benediktsson. Sérstaka greinargerð nefndarinnar er að finna í fundargögnum.

#### Ályktun 3: Úrgangur frá skógarsvæðum

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. - 3. september 2023, hvetur til þess að skógræktarfélag í landinu samræmi reglur um meðferð og flokkun úrgangs sem til fellur á skógarsvæðum. Í þessu samhengi þarf að hafa samræmdar merkingar og leiðbeiningar til allra sem ganga um opin svæði innan marka sveitarfélaga.*

*Jafnframt hvetja skógræktarfélagin sveitarfélög til að tryggja að móttökustöðvar*



fyrir sorp séu aðgengilegar á öllum tímum þannig að ekki komi til þess að íbúar hendi almennu sorpi inn í skógarreiti í grennd við þéttbýli. Í dag fellur mikill kostnaður á skógræktarfélag um allt land við hreinsun á sorpi úr skógarreitum og fellur hann alfarið á félagin.

Ályktuninni var fylgt eftir með bréfi til Sambands íslenskra sveitarfélaga og óskað eftir því að erindinu yrði komið á framfæri við allar sorpstöðvar landsins

#### Ályktun 4: Skipulagsmál

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur Innviðaráðherra til að láta gera breytingar á skipulagslögum í því augnamiði að ljóst verði hvort og hvenær skógrækt sé háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags. Einnig er nauðsynlegt að lög mæli fyrir um verkferla við upplýsingaöflun og afgreiðslu

framkvæmdaleyfis vegna skógræktar svo öflun þess verði skógræktendum hvorki fjárhagslega íþyngjandi né tímafrek úr hófi fram.

Ályktunin var send á innviðaráðherra auk þess sem greinargerð hennar fylgdi með.

#### Ályktun 5: Landgræðsluskógar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1. til 3. september 2023, hvetur matvælaráðherra til þess að vinna að nýjum og framlengdum samningi um Landgræðsluskóga.

Ályktunin var afhent matvælaráðherra á fundi sem formaður og framkvæmdastjóri áttu með Svandísi Svavarsdóttur. Nokkru síðar, eða þann 15. maí 2024, skrifaði svo nýr matvælaráðherra, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, undir nýjan samning sem gildir frá árinu 2025 til ársins 2029.

## FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR

Skógræktarfélag Íslands hefur verið formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógræktar. Ráðstefnan 2024 fór fram í Hofi á Akureyri

dagana 20.-21. mars og var þema hennar að þessu sinni *Skógarauðlindin – innviðir og skipulag*.

## FULLTRÚAFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn í Frægarði í Gunnarsholti þann 6. apríl 2024. Flutt voru erindi með tvö meginþemu – *Að útbúa fjölbreyttan skóg* og *Landgræðsluskógar* – og einnig var unnið í fimm umræðuhópum, þar sem fjallað var um plöntuúrval og umhirðu landgræðsluskóga, innviðauppbyggingu og kynningu skóga félaganna og helstu áskoranir í starfsemi félaganna. Á sjötta tug fulltrúa skógræktarfélaganna mættu á fundinn.



Fundargestir Fagráðstefnu skógræktar í vettvangsferð í Sólskógum.



# SKÓGRÆKTARSVÆÐI

## BRYNJUDALUR

Félagið seldi 844 jólatré úr Brynjudal, þar af 154 til starfsmanna fyrirtækja og annarra sem koma í jólaskóginn til að fella sjálf sín jólatré. Að auki seldi félagið tæplega 707 jólatré sem felld voru annars staðar.

Farið var í þó nokkra umhirðu í skóginum á útmánuðum, sem fólst í uppkvistun og grisjun með jólatrjárækt í huga.

Jón Ásgeir, Narfi og Hrefna huga að jólatrjám í Brynjudal.



## ÚLFLJÓTSVATN

Í stjórn Úlfljótsvatns sf. eru Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Skátasambandi Reykjavíkur og Sævar Skaptason frá Bandalagi íslenskra skáta. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Sævar ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfljótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda.

Haldnir voru þrjár stjórnarfundir á árinu. Megin verkefnið hefur verið undirbúningur að skipulagi og leyfisveitingu fyrir 40 ha sumarhúsasvæði á jörðinni. Gert er ráð fyrir að þar rísi um 40-45 bústaðir og verður um leiguland að ræða. Samið hefur verið við Landmótun ehf. um deiliskipulag svæðisins og er gert ráð fyrir að því verði lokið í desember á þessu ári. Svæðið verður auglýst til leigu á næsta ári og uppbygging hefst í kjölfarið. Tilgangurinn er m.a. að styrkja fjárhags – og rekstrarstöðu skátahreyfingarinnar og Skógræktarfélags Íslands. Heildartekjur félagsins á síðast liðnu ári voru 1,4 milljónir kr. og rekstrargjöld tæpar 1,4 milljón krónur. Handbært fé í sjóði er samtals 6,7 milljónir króna. Endurbættur var vegur og útbúið bílastæði við svæði 66°N.


Árið 2023 var áfram unnið að gróðursetningu í svæði vestan við Háafell. Unnið hefur verið að grisjun og uppkvistun

eldri skógar og viðhaldi stíga af sjálfbóðaliðum félagsins og í samstarfi við skátahreyfinguna og Skógræktarfélag skáta á Úlfljótsvatni (sjá síðar).

Úlfljótsvatnsbærinn er nú með rekstrarleyfi fyrir gististað og og voru herbergi þar til útleigu veturinn 2023-2024 í gegnum AirBnb, eftir að dvalartíma sjálfbóðaliða lauk þar.

Einnig voru tvær vinnustofudvalir skipulagðar. Sú fyrri með Doris Buttignol og Alice Cagnat, sem dvöldu í einn mánuð við gerð hlaðvarps, sem nú er í eftirvinnslu. Sú síðari með rithöfundinum Sarah Bussy, sem vann að bók sem kom út nú í ágúst. Báðar dvalirnar voru skipulagðar með Alliance Francaise í Reykjavík.

Nýútkomin bók Sarah Bussy, þar sem Skógræktarfélagi Íslands eru færðar þakkir fyrir aðstoð og aðstoðu við ritun bókarinnar.





# UMSJÓN

## KOLVIÐUR

Unnið hefur verið að vottun á starfsemi Kolviðar samkvæmt ISO 14064-2 staðli undanfarin misseri og í byrjun maí staðfesti Bureau Veritas að verkferlar og skilgreining verkefna Kolviðar uppfylltu kröfur ISO 14064-2 staðalsins og er Kolviður þar með kominn með alþjóðlega vottun.

Gróðursettar voru 344.175 plöntur árið 2023. Plöntur í Kolvið 2023 voru framleiddar af Sólskógum ehf. og gróðrarstöðinni Öl. Fyrirtækið Soffía frænka sá um útkeyrslu líkt og áður. Núverandi gróðursetningasvæði eru Úlfjótsvatn (Háafell), Ærvíkurhöfði við Húsavík, Skálholt, Geitasandur-Norður og Reykholt í Borgarfirði.

Kolviður leitar stöðugt eftir samningum um ný lönd og þjónustusamningum við skógræktarfélag sem eru tilbúin að taka að sér verkefni samkvæmt verksamningi.



Reynir Kristinsson, formaður Kolviðar, Jón Ásgeir og Guðmundur vinna að áætlanagerð fyrir Kolvið.

## LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

Í stjórn Landgræðslusjóðs sitja Þuríður Yngvadóttir, sem er formaður, en auk hennar eru fulltrúar Skógræktarfélags Íslands Jónatan Garðarsson og Lydía Rafnsdóttir. Í stjórninni sátu einnig Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri, en við sameiningu

Skógræktarinnar og Landgræðslunnar í janúar í Land og skóg tók nýr forstöðumaður, Ágúst Sigurðsson, við setu í stjórninni. Fyrir fundi liggur tillaga að breytingu á skipulagsskrá sjóðsins í ljósi þessarar sameiningar. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í starfsskýrslu og reikningum hans.

## LANDGRÆÐSLUSKÓGAR

Plöntur í Landgræðsluskóga 2023 voru framleiddar af Sólskógum ehf., Garðyrkjustöðinni Kvistabæ og gróðrarstöðinni Öl. Fyrirtækið Soffía frænka sá um útkeyrslu á landgræðsluskógaþlöntum líkt og áður, sem hefur gefist afar vel. Úthlutað var rúmlega 442 þúsund plöntum 2023. Áætluð úthlutun fyrir 2024 er tæplega 310 þúsund plöntur.

Gerður var samningur í júlí um nýjan landgræðsluskóg, Brekkuskóg, í Búðardal, í umsjón Skógræktarfélags Dalasýslu.



Jónatan Garðarsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Ágúst Sigurðsson glaðhlakkaleg við undirritun nýs samnings um Landgræðsluskóga.



# LÍF Í LUNDI

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var haldinn í áttunda sinn Jónsmessuhelgina og voru að þessu sinni haldnir tólf viðburðir í öllum landsfjórðungum. Eins og undanfarin ár var efnt til ljósmyndasamkeppni í tengslum við viðburðina. Dómnefnd valdi úr innsendum myndum og var kosið á Facebook. Verðlaun voru veitt fyrir þrjú efstu sætin og komu þau frá Vorverk, Icewear og Gróðrarstöðinni Þöll. Sigurvegari keppinnar í ár var Sæbjörg Freyja Gísladóttir sem tók fallega mynd af stúlku við Ljósárfoss í Hallormstaðaskógi.

# OPINN SKÓGUR

Undirritaður var samstarfssamningur við Nettó til tveggja ára varðandi stuðning við verkefnið Opinn skógur og gildir hann út árið 2025. Frá upphafi verkefnisins árið 2002 hefur ríkið styrkt verkefnið en á síðast liðnu ári voru verkefnabundnir styrkir lagðir af á vegum umhverfis, -orku og loftslagsráðuneytisins. Unnið hefur verið að byggingu veglegs útivistarskýlis í Sólbrekkum á Suðurnesjum í samvinnu við Reykjanesbæ og Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en það er reist eingöngu úr íslenskum viði úr skógum Skógræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktarfélags Árnesinga. Frágangur og endanleg verklok hafa tafist vegna ítrekaðra lokana á Grindarvíkurvegi vegna jarðhræringa á Reykjanesi.



Vinningsmynd í ljósmyndasamkeppni Líf í lundi.

# YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS

Rúmlega 60 skólar sóttu um plöntur til sjóðsins árið 2024. Er það heldur færri en árið 2023 og mótast það nokkuð af því að ekki var hægt að úthluta plöntum að vori, eins og verið hefur og því eingöngu um haustúthlutun að ræða. Gera má ráð fyrir að einhverjir skólar bætist við í haust, því miðað við fyrri reynslu eru alltaf einhverjir skólar sem setja niður að hausti sem gleyma að sækja um að vori. Allir skólar sem sóttu um fengu úthlutað plöntum.

Annað árið í röð leit illa út með úthlutun úr sjóðnum vegna lítillar ávöxtunar. Stuðningur fékkst frá Landi og skógi, sem lagði sjóðnum til birkiplöntur til úthlutunar og eru stofnuninni færðar hjartans þakkir fyrir velviljann og aðstoðina.



Yrkjuplöntur afhentar á Patreksfirði 2023.



# TRÉ ÁRSINS 2023

Tré ársins 2023 var formlega útnefnt þann 10. september 2023 og er það sitkagreni (*Picea sitchensis*) á Seyðisfirði, ofan við Hafnargötu 32. Stóð tréð af sér stóru skriðuna sem féll árið 2020, er tók með sér hús í kringum það auk

yngrir trjáa á svæðinu og stendur það nú stakt. Fyrirhugað er að útnefna Tré ársins 2024 í september. Lambhagi gróðrarstöð styrkir útnefningu Trés ársins.



Frá útnefningu Trés ársins 2023. Hafberg Þórisson, styrktaraðili verkefnisins, Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlabings og Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur, sem tilnefndi tréð.

## SJÁLFBODALIÐAR

Skógræktarfélag Íslands hefur um margra ára skeið fengið sjálfbodaliða í gegnum European Solidarity Corps verkefni Evrópusambandsins. Átta sjálfbodaliðar komu til fimm mánaða dvalar (maí-september) í ár. Auk þess að hafa unnið að gróðursetningu og öðrum verkefnum á Úlfliótsvatni, Geitasandi og í Brynjudal hafa þau farið til vinnu hjá skógræktarfélagum á Akranesi, í Mosfellsbæ, Ólafsvík, Stykkishólmi og Patreksfirði, auk ferðar til Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli. Á þessum stöðum hafa þau unnið að ýmsum verkefnum, s.s. stígagerð, gróðursetningu og bætingu á aðgengi.

Einnig var tveggja vikna verkefni unnið í samstarfi við Skógræktarfélag skáta á Úlfliótsvatni. Nánar má lesa um það undir [Samstarfsverkefni](#).

Skógræktarfélag Íslands tók einnig á móti tveimur spænskum starfsmönnum frá mars til loka maí. Aðstoðuð þeir við viðhald og grisjun skóga í Brynjudal og Úlfliótsvatni.



Starfsfólk félagsins sinnir ýmsum verkefnum. Hér lagar Þórveig glugga á skrifstofunni.



# ERLEND SAMSKIPTI

Skógræktarfélag Íslands er nokkuð í sambandi við erlenda kollega í skógargeiranum, en auk þess fær félagið ýmsar fyrirspurnir erlendis frá og hafa starfsmenn svarað þeim eftir bestu getu.

## FRÆÐSLUFERÐIR

Skógræktarfélag Íslands hefur í um tvo áratugi skipulagt eina fræðsluferð til útlanda á ári þar sem fléttað er saman fræðslu um skóga og skógrækt við almenna náttúru og menningu viðkomandi lands. Farið var til Króatíu í september 2023, þar sem heimsótt var rannsóknastöð skógræktar, gróðrarstöð og ýmsir áhugaverðir skógar. Fyrirhuguð er fræðsluferð til Frakklands dagana 28. september til 6. október 2024.

## EUROPEAN FOREST NETWORK

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarféлага í Evrópu. Fundur samtakanna var haldinn í Króatíu dagana 21.-24. september 2023. Alls mættu á fundinn fimmtán fulltrúar frá níu löndum og voru það Svíþjóð, Austurríki, Ungverjaland, Bosnía,



Þýskaland, Skotland, Pólland og Ísland, auk gestgjafanna í Króatíu.

Næsti fundur samtakanna er fyrirhugaður í Ungverjalandi 13.-17. október næst komandi. Ragnhildur Freysteinsdóttir mun sitja fundinn fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands.

## GARDEN OF LIFE INTERNATIONAL

Skógræktarfélag Íslands er í samstarfi við Garden of Life International samtökin, sem voru upphaflega stofnuð til að vinna að sjálfbærni og samfélagsuppbyggingu á Balí, en hafa nú vikkað út starfsemi sína. Félagið er í samstarfi um svo kallað Twin Trees verkefni, en í því felst að fólk getur keypt „tvíburaþré“, sem gróðursett eru á Íslandi og á Balí. Fyrstu trén voru gróðursett á báðum stöðum þann 23. júní og voru íslensku trén sett niður á Úlfjótssvatni.

Ungir og yngri gróðursetja með Garden of Life International á Úlfjótssvatni.





# ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands er með margvísleg reglubundin verkefni. Auk þess hefur félagið sinnt ýmsum smærri, tilfallandi eða tímabundnum verkefnum.

## RÓTARSKOT

Fyrir áramótin voru Rótarskot – gróðursetning eins trés – til sölu hjá björgunarsveitum um land allt. Alls seldust um 800 Rótarskot árið 2022 og 900 Rótarskot árið 2023. Fyrirhugað er að gróðursetja þær trjáplöntur til samans í september og tekur Skógræktarfélag Stykkishólms á móti sjálfbóðahópum Landsbjargar á Snæfellsnesi sem munu gróðursetja.



Elisabeth með Heklu, sem vann jólatré hjá félaginu í happdrætti hjá Alliance Francaise.

## UMSAGNIR

Félagið sendi inn umsögn 21. nóvember 2023 vegna frumvarps um Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt. Þingsályktunartilla 154. Lögjafabing 2023-2024. Skógræktarfélag Íslands fagnar fram komnu frumvarpi og styður það í meginatriðum. Félagið telur fulla ástæðu til að benda á þá staðreynd að skógræktarfélög, sem eru frjáls félagasamtök, hafa í tæpa öld staðið að viðamiklum skógræktar- og landbótaverkefnum í sjálfböðavinnu. Í niðurlagi umsagnarinnar segir: Ef það er ætlunin að virkja almenning til að auka kolefnisbindingu með landgræðslu og skógrækt er ekki annað en eðlilegt að þeirra sé getið í þingsályktunartillögum.

Þann 22. febrúar á þessu ári sendi félagið umsögn vegna fyrirhugaðrar reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu. Í umsögninni er m.a. vakin athygli á því hve lítil gaumur er gefinn að því að ná fram loftslagshlutleysi landnýtingar í umræddum reglugerðardögum um „sjálfbæra landnýtingu“. Slíkt má gera með því að auka bindingu í nýjum ræktuðum skógum til þess að vega upp á móti losun frá illa fögnu landi í tötrum. Í því samhengi vekur fálæti höfunda reglugerðardraganna gagnvart skógrækt nokkra furðu. Stóraukin nýskógrækt er alþjóðlega viðurkennd sem ein skilvirkasta leiðin til þess að draga úr nettó-losun gróðurhúsalofttegunda frá illa fögnu landi.

Þann 11. apríl 2024 sendi félagið inn umsögn til Lands og skógar vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á stuðningskerfi í skógrækt og landgræðslu. Sí leggur til að bætt verði við nýju verkefni er styrki sérstaklega uppbygginu og umhirðu útivistarskóga enda hefur það margþættan ávinning fyrir byggðapróun, loftslagsmál, landbúnað o.fl.



Embla móttökustjóri tekur vel á móti sjálfböðaliðum félagsins.



# SAMSTARFSVERKEFNI

## SKÓGRÆKTARSKÁTAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

Skógræktarfélag Íslands og skátahreyfingin, í samstarfi við Skógræktarfélag skáta á Úlfljótuvatni, buðu annað árið í röð hópi sjálfboðaliða til starfa í skóginum á Úlfljótuvatni. Er það hluti verkefnis til að auka áhuga yngri kynslóða á trjám, skógum og náttúrunni. Heimsóknin að þessu sinni var unnin í gegnum European Solidarity Corps verkefni

Evrópusambandsins. Sjálfboðaliðarnir dvöldu í tvær vikur og á þeim tíma lögðu þau nýjan 480 m langan stíg, gróðursettu birki og báru á það og gróðursettu „spariplöntur“ sem framhald á trjásafni á svæðinu. Einnig unnu þau að því að bæla lúpínu á reit ætluðum til ræktunar jólatrjáa. Sjálfboðaliðarnir komu frá Svíþjóð, Grikklandi, Frakklandi, Ungverjalandi og Írlandi.



Skátahópurinn með „spariplönturnar“ sem þau fengu að velja til að setja í trjásafn sem unnið er að á Úlfljótuvatni.

## LANDSVIRKJUN

Samningur er í gildi við Landsvirkjun um umsjón með landgræðsluskógaverkefni við Búrfell og Bjarnarlón. Gróðursett voru 8.710 ilmbirki við Bjarnarlón en félagið heldur utan um framkvæmdir við Bjarnarlón samkvæmt

samningnum. Einnig voru gerðar skógræktar- og umhirðuáætlanir fyrir skógræktarsvæði þeirra í Soginu (Steingrímsstöð, Ljósafossstöð) og við Búrfellstöð.

## 66°N

Starfsfólk 66°N kom á Úlfljótuvatn í ágúst og gróðursetti í svæði fyrirtækisins, alls 1000

plöntur, þar af 100 plöntur af lerkiblendingum Hrym.



# SKÓGARKONUR

Félagið Skógarkonur, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, stóðu fyrir norrænni ráðstefnu á vefnum þann 20. apríl 2024. Þema ráðstefnunnar var *Skógur og loftslag*. Ráðstefna var hluti samvinnu innan Nordiske Skogskvinner tengslanetsins og sóttu hana vel á fjórða tug kvenna frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Fyrirhugað er áframhaldandi samstarf við Skógarkonur.

## HVATNINGARVERÐLAUN SKÓGRÆKTAR

Hvatningarverðlaun Skógræktar voru veitt í fyrsta skipti í mars, á Fagráðstefnu skógræktar. Hlaut Sigurður Arnarson verðlaunin, fyrir margháttða fræðslu um skógrækt með greinaskrifum og öðru. Fyrirhugað er að veita verðlaunin árlega til einstaklinga, hópa, fyrirtækja, félaga eða stofnana, sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi. Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands.



Jón Ásgeir og Þórveig í kortavinnu á skrifstofunni.



Embla móttökukstjóri fylgist með framkvæmdum í Brynjudalsskógi.



# ÞAKKIR

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlendis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega nefna Land og skóg (áður Skógræktin og Landgræðslan), Bændasamtökin (Landssamtök skógar- eigenda), skátahreyfinguna, Landsbjörgu, Matvælaráðuneytið og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Fjöldmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Þer þar sérstaklega að nefna 66°N, Arion banka,

Eimskip, Lambhaga, Nettó og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

*Reykjavík, ágúst 2024*

*f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands*



*Jónatan Garðarsson formaður*



